

7. maí 2015

Athygli stjórnar Íslensku ICOMOS nefndarinnar hefur verið vakin á því að fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um verndarsvæði í byggð.

Íslenska ICOMOS nefndin er aðili að ICOMOS - International Council on Monuments and Sites, sem eru alþjóðleg frjáls félagasamtök, sem vinna að verndun og viðhaldi menningarminja og umhverfis þeirra. ICOMOS er UNESCO -Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna og Heimsminjanefnd UNESCO til ráðgjafar um verndun menningarminja. (sjá vef ICOMOS <http://www.icomos.org/en/about-icomos/mission-and-vision/icomos-mission>)

Stjórnin hefur áhuga á að senda inn umsögn um frumvarpi. Þar sem ég sé að frestur sem gefinn var er liðinn óska ég eftir að fá tækifæri að skila umsögn á næstu dögum.

Með kveðju

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, formaður stjórnar íslensku ICOMOS nefndarinnar.